

329. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 27. janúar 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) Bréf frá Summit Adventure Guides, dags. 19. janúar 2022, varðandi leigu á Gufuskálum.
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að ganga til samninga á þeim nótum sem um var rætt á fundinum.
- 2) Bréf frá Mannviti hf., dags. 14. janúar 2022, varðandi sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033.
 Bæjarráð staðfesti fyrir sitt leyti sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033.
- 3) Umsókn Lísu Daggar Davíðsdóttur, dags. 24. janúar 2022, um að fá að halda hundinn Bola.
 Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 4) Umsókn Marinu G. Sigurjónsson, dags. 28. desember 2021, um að fá að halda hundinn Nóru.
 Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) Bréf frá íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, dags. 11. janúar 2022, varðandi uppsögn á starfi.
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að auglýsa starfið.
- 6) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 5. janúar 2022, varðandi aukið stöðugildi á Kríubóli.
 Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða.
- 7) Bréf frá bæjarritara, dags. 19. janúar 2022, varðandi aukafjárveitingu vegna barnaverndarmáls.
 Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitinguna og mun upphæðin fara af lið 27-10, Ófyrirséð.
- 8) Bréf frá slökkviliðsstjóra, dags. 25. janúar 2022, varðandi vinnu við brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar.
 Bæjarráð samþykkti erindið, en leggur áherslu á að vinnu við brunavarnaráætlun ljúki sem fyrst og hún verði tilbúin til umfjöllunar í bæjarstjórn á fundi í mars.
 Bæjarráð vill taka það fram að þegar farið er í vinnu sem þessa, er nauðsynlegt að leggja fyrirhugaðan kostnað annað hvort fyrir fjárhagsáætlunargerð, eða ræða hana við bæjarstjóra eða bæjarritara áður en farið í að framkvæma þá vinnu. Forstöðumenn stofnana mega ekki skuldbinda sveitarfélagið umfram fjárhagsáætlun, og því er nauðsynlegt að óska eftir aukafjárveitingu til bæjarráðs áður en farið er í fjárfreka vinnu eða framkvæmd.
- 9) Minnispunktar bæjarstjóra.
 - a) Bæjarstjóri för yfir starfsemi brettagarðsins í íþróttahúsini á Hellissandi.
 - b) Bæjarstjóri för yfir styrkjamál, en erindi frá Mfl. Reynis, sem vísað var til fjárhagsáætlunar 2022, gleymdist í fjárhagsáætlunarumfjöllun í haust. Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita styrk til Mfl. Reynis í knattspyrnu upp á kr. 1.500.000.-
 - c) Farið yfir markaðs- og kynningarmál.
 - d) Rætt um Mýrarholt 3.
 - e) Bæjarstjóri minnti á íbúafundinn í kvöld kl. 20:30.
 - f) Bæjarstjóri ræddi um raforku til kaldra svæða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:01


Júníana Björg Óttarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari